

BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson gsig@bondi.is

2. bréf 2014

Júlí

Frá aðalfundi Búnaðarsamtaka Vesturlands

sem haldinn var að Árbliki í Dalabyggð fimmtudaginn 10. apríl 2014.

Eftirfarnar tillögur voru samþykktar:

- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn í Árbliki í Dalasýslu 10. apríl 2014, lýsir þungum áhyggjum af ástandi malarvega á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands, þar sem viðhaldi hefur víða verið ábótavant á þeim um ára bil. Fundurinn hvetur Vegagerð ríkisins, þingmenn kjördæmisins og stjórnvöld til að auka fjármagn til viðhalds og uppbygginar vega á Vesturlandi.
- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands, haldinn í Árbliki 10. apríl 2014 skorar á Bændasamtök Íslands að vinna að sölu á Bændahöllinni og Hótel Sögu ef ásættanlegt verð fæst.
- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn í Árbliki 10. apríl 2014 lýsir yfir stuðningi við Bændasamtök Íslands um að standa vörð um sjálfstæði Lbhí á Hvanneyri. Aðalfundurinn lýsir jafnframt yfir vonbrigðum með framgöngu menntamálaráðherra í málinu.
- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn í Árbliki 10. apríl 2014 mótmælir að almennt búfjárefirlit verði gjaldskylt.
- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn í Árbliki 10. apríl 2014 hvetur stjórn BV að beita sér fyrir að haldnir verði fræðslufundir um framkvæmd búfjárefirlits á starfssvæðinu
Jafnframt hvetur fundurinn til þess að BV taki saman efni um framkvæmd búfjárefirlits og aðbúnaðarreglugerðir verði aðgengilegar á heimasíðu BV.
- Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn í Árbliki 10. apríl 2014 beinir því til Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytis að safnað verði frekari upplýsingum um tjón sem álftr og gæsir valda á ræktunarlöndum bænda.
Á grundvelli þeirra gagna verði ákveðið hvort heimildarákvæði verði sett í lög um tímabundið leyfi til skotveiða á álftr og gæs í tilraunaskyni á ræktunarlöndum bænda.

Guðný H Jakobsdóttir, Syðri-Knarratungu gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og var Þórhildur Þorsteinsdóttir, Brekku kosin í hennar stað. Nýr í stjórn var kosinn Halldór J. Gunnlaugsson, Hundastapa, aðrir í stjórn BV eru Daníel Ottesen Ytra-Hólmi, Kristján Á. Magnússon Snorrastöðum og Valberg Sigfússon Stóra-Vatnshorni.

Sumarlokun BV

Skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands verður lokað mánudaginn 14. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 4. ágúst. Ef nauðsynlega þarf að hafa samband við BV þá er hægt að hringja í Guðmund Sigurðsson, framkvæmdastjóra, í síma 892 0659.

Frjótækna munu verða á vaktinni sem áður og minnum við bændur á að hringja fyrir tilskilinn tíma til að panta sæðingar.

Frá aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða sem haldinn var 25. apríl 2014 í Heydal í Ísafjarðardjúpi.

Eftirfarandi tillögur voru samþykktar:

- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 lýsir yfir stuðningi við Hollvinasamtök Landúnaðarháskóla Íslands og íbúa Borgarbyggðar sem berjast fyrir málefnum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Greinargerð:

Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri hefur mikið gildi fyrir íslenskan landbúnað og standa verður vörð um starfsmenntanám á staðnum.

- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 beinir því til sveitarfélaga á Vestfjörðum að gætt verði sérstaklega að verndun ræktarlands og að ræktarland verði ekki tekið undir aðra starfsemi en matvælaframleiðslu.
- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 beinir því til ráðherra landbúnaðarmála að hvergi verði gefið eftir við banni á innflutningi á fersku kjöti.
- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 beinir því til Fjórðungssambands Vestfirðinga að samræmdar verði gjaldskrár og veiðar á mink og ref á starfssvæði sínu.

Greinargerð:

Veiðar á mink og ref eru ekki stundaðar nægjanlega markvisst hjá öllum sveitarfélögum og mikil brögð að upp komist mörg greni í sumum sveitarfélögum, dýrin flæða svo yfir í næstu sveitarfélög með tilheyrandi kostnaði fyrir þau.

- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 beinir því til landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands að taka til athugunar erfiða rekstrarstöðu Háafells í Hvítársíðu með tilliti til þess að þar er stór hluti geitastofnsins, sem og einu kollóttu geiturnar sem finnast í landinu.
- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 skorar á Matvælastofnun að viðhalda varnargirðingum með viðunandi hætti og að niðurlagðar girðingar verði fjarlægðar.

Greinargerð: Nauðsynlegt er að viðhald varnargirðinga sé árvísst og stöðugt. Ónýtar girðingar eru hættulegar mönnum og skepnum og eru ólöglegar.

- Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn í Heydal 25. apríl 2014 varar eindregið við hugmyndum um innflutning á erlendu erfðaeefni til blöndunar við holdanautastofninn í landinu.

Greinargerð: Hætt er við að það mundi skapa aukinn þrýsting á innflutning á ferskum kjötvörum með tilheyrandi sjúkdómahættu.

Helga Dóra Kristjánsdóttir, Tröð var endurkjörinn gjaldkeri, aðrir í stjórn eru Sigmundur H. Sigmundsson, Látrum, formaður og Halldóra Ragnarsdóttir Brjánslæk, meðstjórnandi.

Aðalfundur Búnaðarsambands Kjalarnesþings var haldinn í Sandgerði 1. maí 2014.

Ekki urðu breytingar á stjórninni en hana skipa: Guðmundur Davíðsson, Miðdal, formaður, María Dóra Þórarinsdóttir, Morastöðum, gjaldkeri, Hafberg Þórisson, Lambhaga, Ásgeir Pétursson, Helgadal og Þorsteinn Sigmundsson, Elliðahvammi.

Jarðabætur 2014

Búið er að opna aðgang fyrir bændur á Bændatorginu til að sækja um jarðabótastyrk rafrænt á sínum aðgangi. Umsóknarfrestur er til 10. september. Bændur sem stunda einhverskonar ræktun á korni, grænfóðri eða eru að endurrækta tún eru hvattir til að sækja um styrk. Sækja þarf um á kennitölu rekstareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld framleiðsla er stunduð og viðkomandi hefur ÍSAT númer.

Gerð er krafa um að með umsókn vegna jarðabóta skuli fylgja tunkort af ræktarlandinu eða það sé aðgengilegt hjá viðkomandi ráðunautapjónustu (t.d. í gegnum www.jörð.is).

Eins og fram kemur á eyðublaði þarf umsækjandi að tiltaka númer á spildum og stærðir. Það er á ábyrgð umsækjanda að kanna hvort afrit af tunkorti sé til á skrifstofu BV ef það er ekki á jörð.is. Bændur eru hvattir til að tilgreina tegund ræktunar og yrkja sem sáð er, upplýsingar þessar verða svo aðgengilegar á www.jörð.is.

Þá verða veitt framlög til hreinsunar stórra affallsskurða (6 metra að ofan).

Um skráningu á ágangi og tjóni af völdum álfta og gæsa á tünnum og ökrum bænda.

Samkomulag hefur náðst á milli Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins um skráningu á ágangi og tjóni af völdum álfta og gæsa. Markmið með samkomulaginu er að kanna með skipulögðum hætti ágang og hvaða tjóni álftir og gæsir valda á ræktunarlandi bænda, svo hægt sé að leggja mat á tjónið eftir einstökum jörðum, svæðum og landinu öllu. Jafnframt verður aflað upplýsinga um þær forvarnir sem bændur hafa notað til að koma í veg fyrir tjón af ágangi álfta og gæsa í ræktunarlöndum sínum.

- Tilkynna skal ágang og tjón á ræktunarland þar sem ræktað er gras, korntegundir til dýrafóðurs og manneldis, olíujurtir, þar með talin lífdíseloíuframleiðsla enda hratið nýtt til fóðurs og græn fóður til beitar.
- Bændur sem verða fyrir ágangi og tjóni skulu fylla út þar til gert rafrænt skráningarform sem er aðgengilegt í Bændatorginu (www.torg.bondi.is) eigi síðar en 1. október ár hvert.
- Aðeins verður tekið við skráningu á ágangi og tjóni á jörðum þar sem landbúnaður er stundaður í þeim mæli sem talist getur búrekstur eða þáttur í búrekstri viðkomandi hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og virðisaukaskattsnúmer.
- Aðeins verður tekið við skráningu á ágangi og tjóni fyrir spildur sem eru skráðar í JÖRÐ.IS og til er stafrænt tunkort af inn í tunkortagrunni Bændasamtaka Íslands með reiknaðri stærð í ha.
- Skráningarþættir verða auk skráningar á spildum þar sem tjón hefur orðið á: umfang tjóns, tegundir fugla, tímabil sem tjón varð á, forvarnir sem beitt var og heildarkostnaður við forvarnir búsins (útlagður kostnaður, eknir km. og fjöldi vinnustunda). Þá eru bændur hvattir til að taka ljósmyndir af tjóni, sem geta fylgt tjónaskýrslu í Bændatorginu.
- Búnaðarsamtök Vesturlands annast úttekt fyrir Bændasamtök Íslands á því tjóni sem álftir og gæsir valda á ræktunarlöndum bænda á starfssvæði BV.

Hvanneyrarhátíð laugardaginn 12. júlí 2014.

"Hinn árlegi Fornvéla- og safnadagur" verður haldinn á Hvanneyri laugardaginn 12. júlí næstkomandi (kl. 12-17). Þessi dagur hefur verið haldin í allnokkur ár og hefur laðað að fjölda gesta á ári hverju. Aðgangur að safninu verður ókeypis en frjáls framlög gesta til safnsins eru þegin með þökkum.

Leiðsögn verður veitt í safninu og um Halldórsfjós, sem brátt mun hýsa aðalsýningu safnsins. Sagnaganga verður um gamla skólastaðinn á Hvanneyri sem er dæmasafn íslenskrar húsagerðarlistar frá öndverðri síðustu öld. Félagar úr Fornbifreiðafjelagi Borgarfjarðar heimsækja staðinn á ökutækjum sínum og aðrir forndráttarvéla eigendur eru hvattir til að mæta og sýna gripi sína.

Í ár eru liðin 125 ár síðan fyrsti nemandi innritaðist við Bændaskólann á Hvanneyri. Síðan hefur margt gerst á staðnum, skólahald hefur þróast og undið upp á sig. Í dag eru starfræktir skólar á öllum skólastigum en á staðnum er leikskólinn Andabær, grunnskóli Borgarfjarðar er með deild fyrir 1.-5. bekk, Bændadeild LbhÍ er á framhaldsskólastigi og síðan býðir LbhÍ nám á öllum stigum háskóla. Slíkt hlýtur að teljast einstakt á heimsmælikvarða í ekki stærra þorpi, og vilja heimamenn fagna þessum merku tímamótum með hátíðahöldum.

Veislutjöld verða á staðnum sem munu hýsa notalegan bændamarkað, Kvenfélagið 19. júní mun sjá um veitingasölu, handverksfólk mun sýna afurðir sínar, húsdýr verða á staðnum og nokkur tónlistaratriði verða flutt af tónlistarfólki úr ýmsum áttum, bæði heimamönnum og öðrum, þeirra á meðal söngkvintetinn Olga.

Hið nýopnaða kaffihús í Skemmuni, sem er elsta húsið á staðnum, verður opið og býður upp á rjúkandi kaffibolla og belgískar vöflur. Glæsilegri hátíðardagskrá lýkur síðan með tónleikum Brother Grass í Halldórsfjósi um kvöldið."

Bókhaldsþjónusta BV ehf.

Við sjáum um VSK-bókanir, launabókhald, ársreikninga, skattskil og uppgjör fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Ingvaldi H. Ingibergsdóttur í síma 437 1215 eða með tölvupósti á netfangið ih@bondi.is og bbv@bondi

Talhólfsnúmerið hjá frjótæknum á starfssvæðinu Vesturland og Kjós/Kjalarnes er nú 871-5845

**Talhólfsnúmerið hjá frjótækninum Högna Jónssyni á Ósi, er nú 871-0569.
Einnig er hægt að ná í Högna í síma **892-0569**.**